

Mánudaginn 14. ágúst 1995.

Nr. 19/1995.

**Vinnuveitendasamband Íslands
f.h. Sláturfélags Suðurlands svf. og
Hafnar-Príhrynings hf.**

(Ragnar Árnason cand. jur.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f.h.
Verkamannasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélagsins Þórs, Selfossi.**

(Ástráður Haraldsson hrl.)

Kjarasamningur. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Arnmundur Backman og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Sláturfélags Suðurlands svf., kt. 600269-2089, Fosshálsi 1, Reykjavík, og Hafnar-Príhrynings hf., kt. 460976-0229, Tryggvatorgi 1, Selfossi.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík, vegna Verkalýðsfélagsins Þórs, kt. 460172-2259, Eyravegi 29, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að með kjarasamningi milli Verkamannasambands Íslands, vegna aðildarfélaga þess, og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 og með samningi um sauðfjárslátrun frá 20. febrúar 1995, hafi komist á bindandi samningur um sauðfjárslátrun milli Verkalýðsfélagsins Þórs annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sláturfélags Suðurlands svf. og Hafnar-Príhrynings hf. hins vegar.
2. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðalkrafa stefnda er að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Varakrafa stefnda er að litið verði svo á að með afgreiðslu stefnda á kjarasamningi aðila hafi komið fram nýtt samningstilboð og hafi því haft í för með sér að aðalkjarasamningurinn hafi verið felldur. Jafnframt er krafist málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Mál þetta var þingfest hinn 27. júlí sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 8. ágúst sl.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að gerður hafi verið samningur 14. september 1981 um sauðfjárslátrun vegna þess starfsfólks sem ráðið sé sérstaklega til vinnu í sláturtíð. Hafi sá samningur verið framlengdur reglulega með kjarasamningum. Hafi síðast gildandi samningur um sauðfjárslátrun fallið úr gildi 31. desember 1994, ásamt öðrum kjarasamningum. Í tengslum við gerð kjarasamninga milli Verkamannasambands Íslands (VMSÍ) og Vinnuveitendasambands Íslands (VSÍ), sem undirritaðir voru þann 21. febrúar 1995, hafi verið gengið frá ýmsum sérmálum aðildarfélaga VMSÍ. Af hálfu VMSÍ hafi ekki verið fallist á að ljúka samningum fyrr en lokið væri umfjöllun um sérmál einstakra stéttarfélaganna og starfshópa. Eitt af þessum sérmálum hafi verið breytingar á síðast gildandi samningi við Verkalýðsfélagið Þór um sauðfjárslátrun og hafi verið undirritaður samningur um breytingar þann 20. febrúar 1995. Í síðast gildandi samningi um sauðfjárslátrun hafi verið mælt fyrir um í 1. mgr. 13. gr., að starfsfólk í sláturtíð skuli hafa frítt fæði. Með samningnum frá 20. febrúar sl. hafi vinnuveitanda verið gefinn kostur á að greiða sérstakt sláturtíðarálag, 50 kr/klst., í stað frís fæðis. Hafi sú upphæð verið ákveðin með aðstoð hagfræðinga ASÍ og VSÍ. Samningurinn frá 20. febrúar sl. hafi verið hluti af aðalkjarasamningi aðila frá 21. febrúar sl., haft sama gildistíma og hann og verið undirritaður án fyrirvara af formanni Verkalýðsfélagsins Þórs og fulltrúum VSÍ.

Stefnandi kveður Verkalýðsfélagið Þór aðildarfélag VMSÍ og því aðila að aðalkjarasamningi VMSÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1995. Hafi sá samningur verið undirritaður f.h. aðildarfélaga VMSÍ með fyrirvara um samþykki. Skv. 1. gr. þess samnings hafi allir síðast gildandi kjarasamningar aðila verið framlengdir til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felist. Allsherjaratkvæðagreiðsla hafi farið fram meðal félagsmanna Verkalýðsfélagsins Þórs dagana 1. til 3. mars og hafi aðalkjarasamningurinn frá

21. febrúar sl. verið samþykktur, sbr. bréf félagsins dagsett 6. mars 1995, sem barst Vinnuveitendasambandinu með myndsendi sama dag.

Jafnframt hafi VSÍ borist með myndsendi 6. mars bréf dagsett 2. mars, þar sem tilkynnt sé að breytingar þær sem gerðar voru 20. febrúar á ákvæðum samnings um sauðfjárslátrun hafi verið felldar. Stefnandi kveður ástæður þess að samningurinn hafi verið felldur megi rekja til þess, að í sláturtíðinni hafi það tíðkast að fastir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands hafi notið frís fæðis eins og sláturtíðarfólk, þar sem ekki hafi þótt gerlegt að láta hluta starfsmanna greiða fyrir fæðið en hina ekki þegar allir starfsmenn komi á sama tíma í mat. Föstum starfsmönnum hafi því orðið ljóst, að ef tekin yrði upp greiðsla sláturtíðarálags í stað frís fæðis, myndu þeir ekki njóta lengur þeirra fæðishlunninda sem þeir höfðu haft í sláturtíðinni. Formaður Verkalýðsfélagsins Þórs hafi boðað til fundar með föstum starfsmönnum Sláturfélags Suðurlands og hafi sá fundur verið haldinn í hádeginu fimmtudaginn 2. mars í mötuneyti sláturhúss Sláturfélags Suðurlands með leyfi sláturhússstjóra. Fundarmenn hafi verið fastir starfsmenn sem vinni samkvæmt almennum kjarasamningi VMSÍ og VSÍ en falli ekki undir samning um sauðfjárslátrun. Fastir starfsmenn hafi greitt atkvæði með handauppréttingu um breytingar á ákvæðum samnings um sauðfjárslátrun og hafi talið sig með því hafa felld samninginn.

Stefnandi hafi tilkynnt Verkalýðsfélaginu Þór með bréfi dagsettu 8. mars 1995 að samningur um sauðfjárslátrun hafi verið hluti af aðalkjarasamningi VMSÍ og VSÍ og að með samþykkt aðalkjarasamnings hafi samningur um sauðfjárslátrun einnig verið samþykktur. Verkalýðsfélagið Þór hafi með bréfi dagsettu 16. mars 1995 lýst þeirri afstöðu sinni, að samningur um sauðfjárslátrun hefði ekki öðlast gildi sem hluti af aðalkjarasamningi.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi sættir ekki tekist í deilunni og sé málshöfðun þessi því óhjákvæmileg.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, byggir hann kröfugerð sína á því, að stofnast hafi bindandi samningur milli aðila og höfnun stefnda á samningi um sauðfjárslátrun hafi því verið ólögmat.

Stefnandi byggir á því, að samningur um sauðfjárslátrun hafi verið óaðskiljanlegur hluti aðalkjarasamningsins og verði því ekki bor-

inn upp sérstaklega til samþykkis eða synjunar starfsmanna einstakra fyrirtækja. Því til stuðnings bendir stefnandi á að sérstaklega hafi verið tekið fram í samningi um sauðfjárslátrun frá 20. febrúar sl., sem undirritaður er án fyrirvara, að hann sé hluti af aðalkjarasamningi aðila og hafi sama gildistíma og hann. Samningur um sauðfjárslátrun sé einn margra samninga milli Verkalýðsfélagsins Þórs og VSÍ. Hafi þeir allir fallið úr gildi án uppsagnar 31. desember 1994, sbr. 1. gr. kjarasamnings ASÍ og VSÍ frá 21. maí 1993. Við undirbúning að gerð kjarasamnings VMSÍ og VSÍ frá 21. febrúar 1995 hafi verið samið um sérmál fjölmargra hópa og sé starfsfólk sem ráðið er til vinnu í sláturtíð í sláturhúsum einn þeirra. Öll þessi ákvæði myndi einn heildarsamning sem borinn sé undir félagsmenn sameiginlega til samþykkis eða synjunar. Félagsmenn Verkalýðsfélagsins Þórs hafi í allsherjaratkvæðagreiðslu tekið afstöðu til samningsins í heild og samþykkt hann. Lítil hluti félagsmanna geti því ekki tekið hluta samningsins og fellt hann, sýnist honum svo. Niðurstöðu allsherjaratkvæðagreiðslunnar verði ekki breytt með því.

Verði hins vegar talið að samningurinn hafi ekki verið hluti aðalkjarasamningsins og að taka hefði mátt afstöðu til hans sérstaklega, byggir stefnandi á því að aðeins sé unnið eftir samningi um sauðfjárslátrun á haustin í sláturtíð og hann nái einungis til þeirra starfsmanna sem ráðnir séu þá. Félagsmenn Verkalýðsfélagsins Þórs, sem felldu samning um sauðfjárslátrun, hafi hins vegar verið fastir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands. Fundur hafi einungis verið boðaður með þessum starfsmönnum, en ekki öðrum félagsmönnum. Fastir starfsmenn taki laun samkvæmt almennum kjarasamningum og nái samningur um sauðfjárslátrun ekki til þeirra. Þeir séu því ekki bærir til að taka afstöðu til samningsins. Því síður séu fastir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands bærir til að fella samning sem einnig gildi fyrir sláturhús Hafnar-Þríhyrnings hf. á Selfossi og starfsmenn þess fyrirtækis. Starfsmenn Hafnar-Þríhyrnings hf., sem vinni við sauðfjárslátrun á haustin en annars við stórgripaslátrun, hafi tekið afstöðu til samnings um sauðfjárslátrun í allsherjaratkvæðagreiðslu um aðalkjarasamninginn og samþykkt hann. Fastir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands geti hvorki fellt samning f.h. þessara föstu starfsmanna Hafnar-Þríhyrnings hf. né f.h. þess laus-

ráðna fólks sem Höfn-Príhýrningur hf. ráði á haustin til sauðfjárslátrunar.

Þá byggir stefnandi enn fremur á því að samningur um sauðfjárslátrun hafi verið undirritaður af formanni Verkalýðsfélagsins Þórs án fyrirvara um samþykki félagsmanna. Stéttarfélag séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna og hafi formaður verkalýðsfélags samkvæmt stöðu sinni umboð félagsmanna til að gera samninga sem bindi félagsmenn. Gerður sé við undirskrift samninga fyrirvari um samþykki félagsmanna, ef bera eigi samning undir félagsmenn, en það hafi ekki verið gert í þessu tilviki. Því verði samningurinn ekki borinn síðar undir félagsmenn til samþykkis eða synjunar.

Vegna varakröfu stefnda, sem sett var fram við aðalmeðferð málsins og sjónarmiða í greinargerð hans, hefur stefnandi sett fram eftirfarandi málsástæður:

- „1. Að sú málsástæða stefnda, að stefndi hafi í raun með afgreiðslu kjarasamninganna felld aðalkjarasamninginn frá 21. febrúar sl. og lagt fyrir vinnuveitendur nýtt tilboð, sé röng, ósönnuð og of seint fram komin.
2. Að ákvörðun félagsfundar Verkalýðsfélagsins Þórs 27. febrúar 1995 um að bera samning um sauðfjárslátrun undir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands og Hafnar-Príhýrnings hafi ekki verið í samræmi við það traust sem Vinnuveitendasambandið mátti byggja á við gerð kjarasamninganna um að samningur um sauðfjárslátrun yrði borinn upp sem hluti aðalkjarasamnings en yrði ekki undan honum skilinn.
3. Að boðun og framkvæmd atkvæðagreiðslu um samning um sauðfjárslátrun hafi verið ólögmat, sbr. og 18. gr. aðalkjarasamnings aðila.“

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnanda er eftirfarandi tekið fram um málavexti.

Á félagsfundi sem haldinn var í Verkalýðsfélaginu Þór á Selfossi þann 27. febrúar 1995 hafi þá nýgerðir kjarasamningar verið kynntir og farið yfir stöðuna að öðru leyti. Á þeim fundi hafi verið ákveðið að efnt skyldi til allsherjaratkvæðagreiðslu um samningana þó með þeirri undantekningu að sá hluti samningsins sem um er deilt í þessu máli, þ.e. sláturhúsasamningurinn yrði afgreiddur sérstaklega

á félagsfundi sem haldinn yrði með þeim félagsmönnum sem það mál snertir sérstaklega.

Allsherjaratkvæðagreiðslan hafi farið fram dagana 1. til 3. mars í samræmi við ákvörðun félagsfundar og lyktaði þeirri atkvæðagreiðslu þannig að meirihluti þeirra sem þátt tóku í atkvæðagreiðslunni hafi samþykkt samninginn. Í samræmi við ákvörðun félagsfundar hafi verið haldinn sérstakur fundur með starfsfólki í sláturhúsum þann 2. mars og þar borið undir atkvæði hvort samþykkja skyldi þann hluta samningsins sem sneri að sláturhúsunum. Þessi hluti samningsins hafi á nefndum fundi verið einróma felldur.

Um þessa afgreiðsluhætti hafi engin deila orðið innan Verkalýðsfélagsins Þórs og öllum félagsmönnum sem að málum komu, hvort sem var á félagsfundunum þann 27. febrúar eða þann 2. mars eða að allsherjaratkvæðagreiðslunni 1. til 3. mars, hafi verið fullkomlega ljóst með hverjum hætti til stóð að afgreiða samningana.

Af hálfu stefnda er litið svo á að með afgreiðslu þeirri, sem lýst sé hér að ofan og sem tilkynnt hafi verið stefnanda með tveimur bréfum sem bæði bárust stefnanda samtímis þann 6. mars 1995, hafi Verkalýðsfélagið Þór samþykkt samningana með fyrirvara eða í raun fellt kjarasamningana frá því í febrúar og um leið sett fram nýtt tilboð um að félagið vildi verða bundið við aðalsamninginn með þeim fyrirvara að gerðar yrðu breytingar á sláturhúsasamningnum.

Af hálfu stefnda er á því byggt að félagið hafi fullt og óskorað vald til að ákveða sjálf með hverjum hætti það afgreiðir kjarasamninga. Þannig hafi félaginu verið fullkomlega heimilt að skipta efni samningana upp í hverja þá hluta sem félaginu sýndist og samþykkja eða fella hvern þeirra fyrir sig eftir atvikum. Það sé svo á valdi stefnanda að kjósa að líta svo á að með því að fella einhvern tiltekinn hluta samnings hafi stefndi fellt samninginn allan. Það sé hins vegar ekki á valdi stefnanda að líta svo á að með því að samþykkja einhvern tiltekinn hluta samnings en fella aðra hafi stefndi samþykkt samninginn sem heild. Fyrir þessari niðurstöðu liggi einföld samningaréttarleg rök sem óþarft sé að skýra nánar.

Það að samningsaðili krefjist þess að verkalýðsfélag sé bundið við samning sem það hafi fellt feli í raun í sér ólögmat afskipti af innri málefnum stéttarfélags.

Stefndi byggir á því eins og stefnandi að samningarnir tveir séu út

af fyrir sig ein heild og að fyrirvari aðalsamningsins taki einnig til sláturhúsasamningsins. Jafnvel þó svo væri ekki byggir stefndi á því að af sjálfu leiði að undirskriftir forráðamanna verkalýðsfélaga undir kjarasamninga séu ævinlega háðar eftir á samþykki félagsfundar enda sé samningsrétturinn í höndum félagsins.

Félagsdómur hafi það verkefni í þessu máli að skera úr um hver sé lagastaðan að fenginni þeirri niðurstöðu sem stefndi hafi komist að með lögmætum og lýðræðislegum hætti.

Verkefni dómsins sé ekki að ákvarða niðurstöðuna fyrir félagið með því að komast að þeirri niðurstöðu að félagið sé bundið við samning sem það sannanlega hafi fellt. Þá leiki ekki vafi á að viðeigandi tilkynningum um niðurstöðu félagsins hafi verið komið til rétttra aðila í tæka tíð.

Þess séu fjölmörg dæmi að kjarasamningar séu samþykktir með fyrirvörum. Þannig sé skemmst að minnst þess að stefnandi hafi samþykkt a.m.k. einn þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í febrúar 1995 einmitt með fyrirvörum. Í sjálfu sér liggja í augum uppi að í þessu sé það fólgið að gagnaðili sé laus ef hann kjósi svo en geti einnig litið á slíka niðurstöðu sem tilboð um að vera bundinn við þá hluta samnings sem ekki sé gerður fyrirvari um og að gengið sé að nýju til viðræðna um þá hluta samnings sem fyrirvari taki til.

Varðandi lagarök er vísað til ákvæða l. 80/1938 um sjálfstæði stéttarféлага og til samþykktu Alþjóða vinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98 sem Ísland hafi fullgilt.

Þá er vísað til dóms Félagsdóms 1984:29 í málinu nr. 5/1984: VSÍ gegn ASÍ f.h. VMSÍ vegna Verkamannafélagsins Hlífar.

Niðurstaða.

Aðalkjarasamningur milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands hins vegar var undirritaður 21. febrúar 1995 með venjulegum fyrirvara um samþykki. Hinn umdeildi samningur um sauðfjárslátrun, sem undirritaður var 20. febrúar 1995 og fól í sér breytingu á samningi um sauðfjárslátrun í sláturtíð frá 14. september 1981, hafði ekki að geyma sérstakan fyrirvara um samþykki. Í samningi þessum er tekið fram að hann sé hluti af aðalkjarasamningi aðila og er það ágreiningslaust með aðilum að líta beri á samninga þessa sem eina heild. Verður því ekki á það fallist með stefnanda að það hafi sjálf-

stæða þýðingu að fyrirvari um samþykki var ekki sérstaklega tilgreindur í samningnum um sauðfjárslátrun.

Kemur þá til umfjöllunar gildi afgreiðslu samninganna innan vébanda hins stefnda stéttarfélags á grundvelli fyrirvarans um það efni svo og hvernig sú afgreiðsla horfði við stefnanda.

Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 segir að stéttarfélög ráði málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum sem settar eru í lögum þessum. Einstakir meðlimir félaganna séu bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess sem það kann að vera í. Telja verður það almenna reglu í vinnurétti að stéttarfélög og félög atvinnurekenda hafi það á valdi sínu með hvaða hætti kjarasamningar eru samþykktir, sé ekki beinlínis samið sérstaklega um það atriði, enda setja lög félögunum ekki skorður að þessu leyti. Í 18. gr. aðalkjarasamningsins er tekið fram að samningsaðilar skuli bera samninginn upp til afgreiðslu á lögmætan hátt innan samtaka sinna innan 14 daga frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu innan 21 dags frá undirritun skoðist hann samþykktur. Á almennum félagsfundi í Verkalýðsfélaginu Þór, sem haldinn var 27. febrúar 1995, voru nýgerðir kjarasamningar kynntir og jafnframt var ákveðið að allsherjaratkvæðagreiðsla yrði dagana 1.- 3. mars 1995, en sláturhúsasamningurinn yrði afgreiddur sér á fundi starfsmanna Sláturfélags Suðurlands og Hafnar-Þríhyrnings hf. Samkvæmt þessari ákvörðun félagsfundar skyldi afgreiða samningana hvorn í sínu lagi. Félagfundur fer með æðsta vald í málefnum stéttarfélags og því var þessi ákvörðun fundarins um tilhögun á afgreiðslu samninganna bindandi fyrir meðlimi félagsins, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1938.

Óumdeilt er að allsherjaratkvæðagreiðsla fór fram á vegum stefnda 1.- 3. mars 1995 um kjarasamningana og að á félagsfundi í stéttarfélaginu 2. mars 1995 fór fram atkvæðagreiðsla um samninginn um sauðfjárslátrun, hvorutveggja í samræmi við fyrrgreinda ákvörðun félagsfundar. Með bréfum sem bárust stefnanda 6. mars 1995 greindi stefndi frá því að niðurstöður atkvæðagreiðslanna hefðu orðið þær að nýgerðir kjarasamningar hefðu verið samþykktir við allsherjaratkvæðagreiðsluna, en samningurinn um sauðfjárslátrun hefði verið felldur á fyrrgreindum félagsfundi. Jafnframt óskaði stefndi eftir viðræðum á ný um breytingar á samningi um sauðfjárslátrun. Við svo búið mátti stefnanda því vera ljóst að

stefndi hafði í raun ekki samþykkt umrædda kjarasamninga í heild, eins og þeir lágu fyrir, heldur þvert á móti fellt þá að hluta á félagsfundi 2. mars 1995. Samkvæmt þessu verður að miða við það í málinu að afgreiðsla stefnda á umræddum kjarasamningum hafi ekki gefið stefnanda tilefni til að ætla að samningur um sauðfjárslátrun hafi komist á þvert á ákvörðun félagsfundar stefnda, enda var hvorki til að dreifa ákvæði í samningunum um að þeir skyldu bornir upp í einu lagi í stéttarfélaginu né liggur fyrir að atvik hafi verið svo vaxin að stefnandi hafi mátt treysta því að svo yrði gert. Eftir málsatvikum þykir ekki breyta neinu um þessa niðurstöðu þótt svo kunni að vera að stefndi hafi ekki að öllu leyti staðið að framkvæmd á afgreiðslu samninganna á nægilega vandaðan hátt, enda liggur ekkert fyrir í málinu sem bendir til að sú framkvæmd hafi verið ólögleg.

Kemur þá til úrlausnar afleiðing þess að fyrrgreindir kjarasamningar, sem samkvæmt framansögðu teljast ein heild, voru felldir að hluta af hálfu stefnda. Þau úrslit mála leiða til þess að ekki verður fallist á þau málsrök stefnanda að í allsherjarkvæðagreiðslu þeirri sem fram fór hjá stefnda hafi umræddir samningar verið samþykktir. Þvert á móti leiddu þessi afdrif samninganna hjá stefnda til þess samkvæmt meginreglum samningaréttar að kjarasamningur komst ekki á milli málsaðila. Líta verður svo á að þessi afgreiðsla stefnda á samningunum hafi verið nýtt samningstilboð gagnvart stefnanda og þannig hafi borið að skilja bréf stefnda til stefnanda um úrslit mála, sem bárust honum 6. mars 1995, og er þar reyndar óskað eftir viðræðum um breytingar á samningnum um sauðfjárslátrun. Í bréfi stefnanda til stefnda, dags. 8. mars 1995, fólst höfnun slíks tilboðs. Samkvæmt þessu hefur fyrrgreindur kjarasamningur frá 21. febrúar 1995 og samningur um sauðfjárslátrun frá 20. febrúar 1995, sem telst hluti hans, ekki verið samþykktur að því er stefnda varðar. Af því leiðir að kjarasamningur milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands hins vegar frá 21. febrúar 1995 hefur ekki komist á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkalýðsfélagsins Þórs. Ber því að taka varakröfu stefnda þannig til greina, enda þykir hún ekki vera of seint fram komin.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Kjarasamningur milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands hins vegar frá 21. febrúar 1995 hefur ekki komist á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkalýðsfélagsins Þórs.

Málkostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
Valgeirs Pálssonar

Samningur málsaðila um sauðfjárslátrun er að stofni til frá 14. september 1981. Síðan hefur samningurinn verið framlengdur reglulega með öðrum kjarasamningum. Þann 20. febrúar 1995 voru gerðar breytingar á samningnum í tengslum við gerð aðalkjarasamnings milli stefnanda og Vinnumálasambandsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands hins vegar. Var þá m.a. sett inn í samninginn ákvæði um að hann sé hluti af aðalkjarasamningi og hafi sama gildistíma og hann. Af því leiðir og er óumdeilt með aðilum að samningurinn um sauðfjárslátrun er ekki sjálfstæður sérsamningur, heldur myndar eina heild með aðalkjarasamningnum. Stefnda var því skylt að bera samninginn, þ.e. aðalkjarasamninginn að meðtöldum samningnum um sauðfjárslátrun, undir atkvæði í einu lagi. Máttu vinnuveitendur ganga út frá því og treysta að þannig yrði atkvæðagreiðsla háttað. Sú ákvörðun, sem tekin var á félagsfundi stefnda þann 27. febrúar 1995, um að efnt skyldi til allsherjaratkvæðagreiðslu um aðalkjarasamninginn en samningurinn um sauðfjárslátrun yrði afreiddur sér á sérstökum fundi með starfsmönnum Sláturfélags Suðurlands svf. og Hafnar-Príhrynings hf., braut því í bága við ótvíræð ákvæði samningsins sjálfs. Af þeim sökum getur ákvörðunin eigi talist lögleg samþykkt félagsfundar í skilningi 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938, er bindi félagsmenn þess.

Í tilkynningu stefnda um allsherjaratkvæðagreiðsluna segir m.a. orðrétt: „Allsherjaratkvæðagreiðsla um nýgerða kjarasamninga fer fram á skrifstofu félagsins dagana 1.–3. mars n.k.“ Einnig segir í tilkynningunni að atkvæðagreiðsla fari m.a. fram á þremur tilgreindum vinnustöðum á Selfossi, þ. á m. hjá Sláturfélagi Suðurlands svf.

fimmtudaginn 2. mars frá kl. 12:20–13:00. Í tilkynningunni segir ekki að samningurinn um sauðfjárslátrun komi þar til atkvæðagreiðslu sérstaklega. Þá segir ekki heldur að hann sé undanskilinn í sjálfri allsherjaratkvæðagreiðslunni. Af gögnum málsins verður ekki séð, að samningurinn um sauðfjárslátrun nái til þeirra félagsmanna stefnda, sem atkvæði greiddu á félagsfundinum 2. mars 1995. Þar af leiðandi voru þeir ekki bærari en aðrir til að greiða um hann atkvæði sérstaklega. Niðurstaða félagsfundar stefnda þann 2. mars getur því ekki haft þýðingu, þegar metin er niðurstaða allsherjaratkvæðagreiðslunnar, þar sem samningurinn var samþykktur.

Eins og allsherjaratkvæðagreiðslan var framkvæmd og til hennar var boðað verður að líta svo á að allir þeir sem þátt tóku í atkvæðagreiðslunni hafi verið að greiða atkvæði um kjarasamninginn í heild og þar með einnig um samninginn um sauðfjárslátrun. Kjarasamningurinn var þannig samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslunni og hefur verið framkvæmdur af báðum aðilum fram til þessa. Af viðskiptum aðila eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar lágu fyrir og málflutningi hér fyrir dómi verður ekki annað ráðið en vilji beggja aðila standi til þess, að aðalkjarasamningurinn skuli halda gildi sínu hvað sem kynni að líða örlögum samningsins um sauðfjárslátrun. Að svo vöxnu máli verður atkvæði mitt að taka megi til greina kröfu stefnanda, að með kjarasamningi milli Verkamannasambands Íslands, vegna aðildarféлага þess, og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 og með samningi um sauðfjárslátrun frá 20. febrúar 1995 hafi komist á bindandi samningur um sauðfjárslátrun milli Verkalýðsfélagsins Þórs annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Sláturfélags Suðurlands svf. og Hafnar-Þríhyrnings hf. hins vegar. Rétt þykir að málskostnaður falli niður.
